

ARÐSKRÁ

B-deildar Veiðifélags Skjálfandafljóts.

Arður og gjöld skiptast milli eftirtalinna jarða eins og hér segir:

	Einingar
1. Mýri-Bólstaður	7.6
2. Svartárkot	7.3
3. Stóratunga	19.8
4. Víðiker	7.7
5. Bjarnastaðir—Rauðafell	9.4
6. Halldórsstaðir—Engi	11.8
7. Lundarbrekka	11.1
8. Litluvellir	4.0
9. Stóruvellir—Lækjarvellir	10.0
10. Sandvík	5.2
11. Sunnuhvoll	5.1
12. Hlíðskógur	9.5
13. Hrappsstaðir	4.4
14. Jarlsstaðir	6.0
15. Sandhaugar	8.4
16. Arnarstaðir	1.0
17. Hlíðarendi—Vesturhlíð	6.9
18. Kálfborgará	6.1
19. Eyjadalsá	5.3
20. Einbúi	4.0
21. Arndísarstaðir	4.0
22. Hvarf	8.2
23. Lyngholt	2.7
24. Úlfsbær	4.4
25. Öxará	11.3
26. Ljósavatn—Holtakot	13.9
27. Hrifla	9.7
28. Fremstafell	12.1
29. Barnafell	3.7
30. Rauðará	5.5
31. Ingjaldsstaðir—Heiðarbraut	5.9
32. Fljótsbakki	4.7
33. Þingey	5.1
34. Einarstaðir	12.1
35. Fosssel	3.5
36. Landnám ríkisins	5.4
37. Landamótssel—Borgartún	4.5
38. Kross	5.4
39. Litlu-Tjarnir	1.8
40. Birkihlíð	2.6
41. Kambstaðir	3.7
42. Birningsstaðir	2.3
43. Stóru-Tjarnir	3.6
44. Arnstapi	2.3
45. Vatnsendi	2.0

Samtals 291.0

Arðskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 25. júní 1970, um lax- og silungsveiði, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1974.

Halldór E. Sigurðsson.

Ragnheiður Árnadóttir.

2. ágúst 1974.

Nr. 248.

SAMÞYKKT

fyrir Vatnafélagið Landvörn í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaft.

1. gr.

Félagið heitir Vatnafélagið Landvörn í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaft. Heimili þess og varnarþing er í Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

2. gr.

Verkefni félagsins er að vinna að því með fyrirhleðslum og öðrum mannvirkjum að varna Klifandi, Hafursá, Holtsá og Lambá að ganga á graslendi þeirra jarða, sem eiga land að þessum vötnum, og helst að þrengja að farvegum þeirra og beina rennsli þeirra eðlilega leið til sjávar. Félagið getur aukið starfssvið sitt, ef meirihluti félagsmanna er því samþykktur.

3. gr.

Hönnun meiri háttar mannvirkja, sem félagið hyggst ráðast í hverju sinni, skal félagsstjórn bera undir ráðunaut ríkisstjórnarinnar í vatnamálum (vegamálastjóra).

Að loknum framkvæmdum við mannvirkjagerð, skulu þær teknar út af ráðunaut ríkisstjórnarinnar í vatnamálum.

4. gr.

Samþykkt þessi nær til jarðanna Hvoll I, Hvoll II, Pétursey I, Pétursey II, Vellir, Nykhóll, Fell, Holt, Álftagróf og Keldudalur.

Nú þykir nauðsynlegt eða réttmætt að bæta við félagsskapinn nýrri jörð eða fella jörð úr félagsskapnum, en næst ekki samþykki aðalfundar, og er þá heimilt að skjóta því atriði til úrskurðar landbúnaðarráðherra, sbr. 76. gr. vatnalaga.

5. gr.

Stjórn félagsins skipa þrír menn og aðrir þrír varamenn. Þeir skulu kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn, og gengur einn úr stjórn hvert ár, eftir hlutkesti fyrstu tvö árin. Stjórnin velur sér formann og skiptir með sér verkum.

Á aðalfundi skal kjósa tvo menn til að endurskoða reikninga félagsins.

6. gr.

Aðalfund félagsins skal halda fyrir lok nóvembermánaðar ár hvert. Skal þar lagður fram endurskoðaður reikningur þess fyrir umliðið ár. Fundur er lögmætur ef helmingur félagsmanna sækir fund. Til samþykktar á félagsmálum þarf einfaldan meirihluta atkvæða, en til breytinga á samþykkt þessari þarf $\frac{2}{3}$ hluta atkvæða þeirra félagsmanna, sem á fundi eru. Heimilt er stjórninni að kveðja til aukafundar, ef þörf krefur, en skylt, ef $\frac{1}{4}$ félagsmanna óskar þess. Atkvæðisrétt um félagsmál hafa eigendur og ábúendur, ef eigendur vilja ekki og er óskylt að taka þátt í félaginu, þeirra jarða, sem um ræðir í 3. gr., og gildir eitt atkvæði fyrir hverja jörð. Til aðalfundar